

FORSETABRÉF
um þingrof og almennar kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með vísan til 24. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, eins og henni var breytt með 5. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 56/1991, sbr. 21. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, er ákveðið að þing verði rofið 28. október 2017 og að almennar kosningar til Alþingis fari fram sama dag.

Gjört á Bessastöðum, 18. september 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

A-deild – Útgáfud.: 18. september 2017